

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Breyting á deiliskipulagi. Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði.*

Breytingin felur í sér að lóðirnar við Æðartanga nr. 12-14 og 16 verði sameinaðar í eina lóð. Einn sameiginlegur byggingarreitur er á lóðunum þremur.

*Breyting á deiliskipulagi. Tunguskeið.*

Breytingin felur í sér að breyta 5 lóðum fyrir eitt raðhús í átta raðhúsalóðir fyrir tvö raðhús með 4 íbúðum í hvoru húsi, við Tungubraut. Nýtingarhlutfall verði frá 0,20–0,33. Fyrirhugað er að byggja tvö einnar hæðar raðhús á lóðunum með einhalla þaki.

Samhliða gildistöku deiliskipulagsbreytinga Tunguskeiðs fellur deiliskipulagið „Fjölgun lóða“, með síðari breytingum úr gildi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 15. september 2020.*

**Heiða Jack** skipulagsfulltrúi.